

Þinggerð
50. ársþings Glímusambands Íslands
Reykjavík 1. mars 2014

50. ársþing Glímusambands Íslands

Haldið í Reykjavík 1. mars 2014

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosin kjörbréfanefnd.
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
4. Kjörnar aðrar nefndir:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laganefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykkar.
10. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
11. Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál er þingfulltrúar vilja koma á framfæri.

- Þinghlé -
13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Ákveðið gjald ævifélaga.
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, varaskoðunarmanna og fulltrúa á íþróttþing.
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara.
17. Önnur mál.
18. Þingslit.

1. Þingsetning

Þingið var haldið í sal ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Á þingið mættu 17 fulltrúar og þrír gestir, samtals 20 manns. **Ólafur Oddur Sigurðsson**, formaður Glímusambands Íslands, setti þingið klukkan 17.00. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hann tilnefndi Sigmund Stefánsson sem þingforseta og Jón M. Ívarsson sem þingritara. Kvaðst hann telja viðkomandi svo öflugra að þeir þyrftu enga varamenn. Þetta var samþykkt einróma og síðan gengið til dagskrár.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Sigmundur Stefánsson þakkaði traustið og lagði til þrjá menn í kjörbréfanefnd: Það voru Kjartan Lárusson, Óttar Ottósson og Jóhann Pálmason. Var það samþykkt og tóku þeir þegar til starfa í horni salarins af svo miklum dugnaði að þingforseti bað þá að lækka aðeins róminn. Kjöri annarra þingnefnda var frestað.

3. Skýrsla stjórnar

Ólafur Oddur Sigurðsson flutti skýrsluna sem lá fyrir prentuð á þinginu. Hann las ávarp formanns og fór lauslega yfir skýrsluna lið fyrir lið. Hápunktur starfsins á árinu var framkvæmd Evrópumeistaramóts í glímu og keltnesku fangi sem fór fram í Reykjavík á síðastliðnu vori. Þakkaði Ólafur öllum sem að því komu fyrir þeirra starf sem skilaði sér í glæstum árangri heimamanna og tókst að halda kostnaði í lágmarki þrátt fyrir mikið umfang.

Fastanefndir GLÍ áttu fremur rólega daga en Ólafur hrósaði sérstaklega Minjasafnsnefnd fyrir gott starf og Utanríkis- og landsliðsnefnd fyrir að standa fyrir fjórum árangursríkum utanlandsferðum til keppni í erlendum fangbrögðum.

Hann vakti athygli á því hvað upplýsingar árbókarinnar um mótahald eru mikilsverðar og taldi óvíst að nokkurt sérsamband annað ætti jafn nákvæmar og góðar upplýsingar um sitt mótahald áratugi aftur í tímann. Lauk hann máli sínu með þökkum til allra sem lagt hefðu glímumni lið á árinu.

4. Reikningar lagðir fram

Atli Már Sigmarsson, gjaldkeri GLÍ, lagði fram reikninga sambandsins og skýrði þá. Staða sambandsins er góð. Það á um það bil 6,5 milljónir króna í bankainnistæðum og öðrum eignum en skuldir eru nánast engar. Lítilsháttar tap varð á rekstri GLÍ árið 2013. Það kemur til af kostnaði við Evrópumótið sem var langsamlega stærsti kostnaðarliður ársins en þar fengust þó ýmsir styrkir. Í heildina væri staðan góð og allgott borð fyrir báru.

5. Ávörp gesta

Friðrik Einarsson, stjórnarmaður ÍSÍ, flutti kveðju stjórnar. Hann sagðist nú vera í fyrsta sinn á Glímuþingi og lýsti ánægju sinni með skýrslu sambandsins. Hún sýndi bæði fram á gott starf og góða stjórnun fjármála. Upplýsingar í henni væru gríðarlega mikilvægar sögulega séð.

Hann benti mönnum á að nota sér Ferðasjóð ÍSÍ sem væri mjög hagkvæmur íþróttamönnum. Sagði svo: „Skrifstofa ÍSÍ er alltaf opin. Þar starfar gott fólk sem er tilbúið til að aðstoða ykkur.“ Óskaði svo glímumönnum góðs gengis.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, var sömuleiðis í fyrsta sinn á þingi GLÍ og leist vel á. Hún sagði að UMFÍ og glíman hefðu alltaf átt samleið alveg frá upphafi. UMFÍ var stofnað á Þingvöllum fyrir tilvernað glímumanna.

Hún sagði það fara mjög í taugarnar á sér þegar verið er að kynna til dæmis handboltann sem „Þjóðaríþrótt Íslendinga.“ Glíman er þjóðaríþrótt Íslendinga og það eiga allir að vita og virða. Hún þakkaði GLÍ gott samstarf á landsmótum og unglingslandsmótum

UMFÍ og sagði formann GLÍ einstakt ljúfmenni. Sérstaklega hefði verið gaman að fylgjast með honum á síðasta unglingslandsmóti þegar margir unglingar fengu að spreyta sig í glímu. Hún sagði að glímumenn hefðu jafnan verið boðnir og búnir að aðstoða UMFÍ á mótunum. Taldi söguna vel skráða hjá GLÍ og lauk orðum sínum með: „Íslandi allt.“

Sigmundur Stefánsson þakkaði gestunum góð orð í garð GLÍ.

6. Álit kjörbréfanefndar

Kjartan Lárusson, formaður kjörbréfanefndar, lagði fram álit hennar. Átta aðilar GLÍ eiga rétt til þingsetu og fimm þeirra höfðu sent inn kjörbréf. Þrjú sambönd af þessum fimm höfðu lagt fram kjörbréf undirrituð af formanni viðkomandi sambands og lagði nefndin til að þau yrðu samþykkt. Hvað hin tvö samböndin varðaði lagði hann það í hendur þingfulltrúa þeirra þriggja löglegu hvort þeir vildu samþykkja hin tvö.

Þá las **Sigmundur Stefánsson** upp þau þrjú sambönd sem höfðu lögleg kjörbréf meðferðis:

HSP átti rétt á tveimur fulltrúum og einn var mættur:

1. Pétur Þórir Gunnarsson

UDN átti rétt á tveimur fulltrúum og einn var mættur:

1. Jóhann Pálmason

ÍBR átti rétt á fjórum fulltrúum. Fjórir voru mættir og þrír varafulltrúar.

- | | | |
|------------------------|-----------|---------------------|
| 1. Hörður Gunnarsson | Til vara: | Valgeir Halldórsson |
| 2. Sigurjón Leifsson | | Óttar Ottósson |
| 3. Rögnvaldur Ólafsson | | Helgi Bjarnason |
| 4. Garðar Erlendsson | | |

Helgi Bjarnason gerði hvassyrta athugasemd um það að hann væri skráður sem varafulltrúi ÍBR en ekki aðalfulltrúi. Taldi ófært að hann sem stjórnarmaður í GLÍ hefði ekki atkvæðisrétt á þinginu.

Rögnvaldur Ólafsson taldi sig geta ráðið bót á þessu. Hann myndi yfirgefa þingið og Helgi gæti þá fengið atkvæði hans. Gekk síðan Rögnvaldur af þingi. Helgi hélt andmælum áfram en eftir nokkra stund var gengið til atkvæða og þessir sex fulltrúar samþykktir.

Þá las **Sigmundur Stefánsson** upp hin tvö samböndin sem ekki höfðu undirskrift formanns síns á kjörbréfinu.

UÍA átti rétt á sex fulltrúum og þrír voru mættir:

1. Sindri Freyr Jónsson
2. Magnús Karl Ásmundsson
3. Atli Már Sigmarsson

HSK átti rétt á 13 fulltrúum og fimm voru mættir:

1. Stefán Geirsson
 2. Ólafur Oddur Sigurðsson
 3. Kjartan Lárusson
 4. Jón M. Ívarsson
 5. Sigmundur Stefánsson.
- Kjörbréfin samþykkt einróma.

7. Kjörnar þingnefndir

Þingforseti las upp tillögur að fastanefndum þingsins. Taldi reyndar auðséð af þingskjölum að allsherjarnefnd og laganefnd yrðu verkefnalaugar.

Fjárhagsnefnd:

Stefán Geirsson, Atli Már Sigmarsson og Sindri Freyr Jónsson.

Laganefnd:

Garðar Erlendsson, Magnús Karl Ásmundsson og Pétur Þórir Gunnarsson.

Allsherjarnefnd:

Hörður Gunnarsson, Rögnvaldur Ólafsson og Helgi Bjarnason.

Þingnefndir samþykktar einróma.

8. Heiðranir

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður GLÍ, þakkaði góð orð í garð sambandsins og þakkaði formanni UMFÍ gott samstarf á unglíngalandsmótum. Hann bað síðan Garðar Erlendsson og Þorvald Þorsteinsson að koma og taka á móti nafnbót sem heiðursfélagar Glímusambandsins. Afhenti hann þeim síðan heiðurskjöl til staðfestingar um þetta.

Garðar Erlendsson þakkaði þann heiður sem honum var sýndur. Hann rifjaði upp endurminningar frá glímunni. Var 12 ára þegar hann fór fyrst á glímukynningu hjá Lárusi Salómonssyni hjá Umf.R fyrir 60 árum. Garðar hefur aldrei reykt en ... „Glíman hefur verið mitt tóbak“ kvaðst hann oft hafa sagt við fjölskyldu sína. Hann sagðist hafa farið í margar skemmtilegar ferðir á vegum glímunnar og alltaf jafn gaman. Hann fór í dómgæsluna þegar hann hætti að glíma vegna meiðsla og hefur lengi haldið tengslum við glímuna sem dómari.

Þorvaldur Þorsteinsson þakkaði þennan heiður sem honum féll í skaut og sagði aðeins frá sínum glímuferli. Hann hóf glímuiðkun hjá Sigurði Greipssyni í Haukadahl í 1959 og gekk fljótlega í Ármann eftir það. Var síðan flest árin að keppa eða glíma. Árið 1970 fór hann í lengsta ferðalag sem farið hefur verið á vegum GLÍ þegar hann var sendur til Japans með eins dags fyrirvara sem varamaður þegar Hjálmur Sigurðsson meiddist og gat ekki farið. Seinni árin hefur hann sinnt dómgæslu eins og Garðar. Elstu dómarnir styrkja tengslin með því að hittast vikulega uppi í Austurvegi og spila brídds.

9. Umræður um skýrslu stjórnar

Kjartan Lárusson óskaði heiðursmönnum GLÍ til hamingju með þessa upphæfð. Hann þakkaði góða skýrslu og góða reikninga. Slíkt væri ekki sjálfgefið. Hann var ekki hissa á góðum orðum gestanna frá ÍSÍ og UMFÍ því glímumenn hefðu stofnað bæði þessi sambönd. Sagði að lokum: „Þetta eru litlu samböndin okkar glímumanna.“

Hörður Gunnarsson minnti á að glíman var formlega samþykkt sem þjóðaríþrótt Íslendinga á þingi ÍSÍ árið 1988 og rétt væri að ÍSÍ léti alla vita af því með skýrum hætti. Hörður gerði athugasemd við áritun skoðunarmanna og taldi að þar mættu menn vera nákvæmari. Átaldir til dæmis orðalagið: „Á árinu voru ekki greidd stjórnarlaun.“ Það tíðkaðist hvergi í íþróttahreyfingunni. Hann sagði að gott væri að eiga fé í sjóði en vildi að meira fé væri varið til kynningar glímunnar þótt það kynni að orsaka smávegis halla. Við hefðum vel efni á því.

Atli Már Sigmarsson óskaði heiðursmönnum til hamingju. Hann sagði vera skort bæði á iðkendum og þjálfurum. Hann taldi að við þyrftum að huga að mannauðnum í glímunni ekki síður en fjármunum í sjóðum.

Stefán Geirsson óskaði mönnum til hamingju með heiðurinn. Hann afsakaði það að hafa ekki getað verið viðstaddur Landsflokkaglímuna fyrr í dag. Var þá staddur í litlu félagsheimili í Reykjavík sem nefnt er Harpa og var þar við setningu Búnaðarþings. Þar var einnig haldin matarhátíðin Food and Fun. Þar vantaði bara glímu til að allt væri fullkomið.

Hann tók undir það hversu upplýsingar ársskýrslunnar væru mikilvægar. Sagði að þegar hann æfði glímu undir stjórn Jóns M. Ívarssonar, hins mikla sagnaritara ungmennafélagshreyfingarinnar, þá hefði Jón árlega útbýtt ársskýrslum til nemendanna sem þótti mikið til koma að sjá jafnvel myndir af sjálfum sér þar á blaði. Það hefði ekki haft lítið að segja um áhugann.

Hann kvaðst hafa verið uggandi um hvort erlendu samskiptin yrðu okkur hurðarás um öxl eins og gerst hefði hér áður en taldi að vel hefði til tekist með Evrópumótið og þakkaði Ólafi Oddi hans þróttmikla starf bæði þar og annars staðar. Kvaðst að lokum vona að GLÍ hefði jafnan nóg verkefni og viljugar hendur.

Jón M. Ívarsson óskaði Garðari og Þorvaldi til hamingju og sagði frábært að menn með 60 ára feril innan glímunnar væru enn að störfum. Hann tók undir orð Helgu Guðrúnar hvað varðaði starf GLÍ á unglíngalandsmótum og sagði glímumenn hafa séð algerlega um glímuna á öllum mótunum frá upphafi. Á móti númer tvö hafi átt að fella glímuna niður en með samstilltu átaki GLÍ og UMFÍ tókst að afstýra því. Hann staðfesti orð fyrri ræðumanna um aðkomu glímumanna að stofnun ÍSÍ og UMFÍ.

Jón vildi þakka allar hamingjuóskir sem honum hefðu borist vegna þess að nú væri hann loks kominn í hóp A-dómara og hefði fengið að fylgjast með briddsinu hjá þeim fyrr um daginn. Kannski fengi hann að taka í spil þegar fram liðu stundir. Hann þakkaði Sigmundi Stefánssyni fyrir sitt góða starf á undanförunum árum sem gjaldkeri GLÍ. Sambandið var lengi skuldugt en þegar Sigmundur tók við hvarf sá skuldahali sem dökk fyrir sólu. Eins vildi hann vekja athygli á hversu vel sambandið stæði undir stjórn Ólafs formanns og Ólafs framkvæmdastjóra sem eru einn og sami maðurinn. Það væri starf hans og stefna sem lægi til grundvallar góðri afkomu GLÍ.

Kjartan Lárusson veitti Herði Gunnarssyni andsvar og ítrekaði að þeir skoðunarmenn, hann og Sigurjón Leifsson hefðu farið ítarlega yfir reikningana og farið að öllu leyti eftir reglum þótt þeir hefðu ekki skilað lista með um það bil 50 athugasemdum eins og gerðist þegar Hörður sá um endurskoðun á reikningum GLÍ.

Sigurjón Leifsson óskaði Garðari og Þorvaldi til hamingju og rifjaði upp að hann glímdi fyrst við Þorvald níu ára gamall og myndi seint gleyma þeirri glímu. Ítrekaði athugasemdir Kjartans við gagnrýni Harðar og taldi að Hörður Gunnarsson ætti að vita að svo vel hefði hann alið sig upp að hann kynni þetta. Benti Herði á að formaður KSÍ væri með á aðra milljón í mánaðarlaun svo það væru vissulega dæmi um stjórnarlaun í íþróttahreyfingunni.

Tók undir að það væri furðulega útbreitt hjá íþróttafréttamönnum að tala um handbolta sem þjóðaríþrótt og skoraði á næstu stjórn GLÍ að auka það sem íslenskast er, það er glímuna. Til þess vildi hann sjá halla á næsta rekstrarári. Þá væri tilganginum náð.

Hörður Gunnarsson sagðist hafa gleymt að óska Garðari og Þorvaldi til hamingju og gerði það hér með. Hann sagði Þorvald hafa verið einn af okkar bestu sýningarmönnum og tekið þátt í mörgum glímusýningum að Árbæ. Garðar hefði einnig verið liðtækur. Hörður rifjaði

upp gömul glímumót allt aftur til ársins 1953 og sagðist vera búinn að vera 66 ár í glímu svo öllu væri til skila haldið.

Sigmundur þingforseti bar upp reikningana og voru þeir samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun

Ólafur Oddur las upp fjárhagsáætlun ársins sem var þingskjal númer eitt. Skýrði ýmsa liði og ræddi einkum Evrópumótið sem var risaverkefni en tókst þó að halda með lágmarkskostnaði. Áætlunin sett hér upp með áorðnum breytingum til að spara pláss og tíma.

	GJÖLD	TEKJUR
Fjárveiting til glímukynninga		3.500.000
Tekjur af Lottó		1.200.000
Sérsambandastyrkur		1.600.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ		1.200.000
Tekjur af glímumótum		400.000
Styrkir		300.000
Aðrar tekjur		100.000
Glímukynningar	4.800.000	
Glímumót	500.000	
Úrvalshópur	400.000	
Erlend samskipti	800.000	
Skrifstofukostnaður	700.000	
Húsaleiga	400.000	
Ársskýrsla og þinghald	200.000	
Kaup á beltum og skóm	600.000	
Ýmis kostnaður	400.000	
Halli ársins		<u>500.000</u>
Alls kr.	<u>8.800.000</u>	<u>8.800.000</u>

- ÞINGHLÉ -

10. Álit fjárhagsnefndar

Þinghléi lauk kl. 19.05 og hafði þá staðið í korter.

Stefán Geirsson, formaður fjárhagsnefndar, sagði frá álitum nefndarinnar. Hann sagði að vegna upplýsinga um að sérsambandastyrkur hefði hækkað um 300.000 upp í 1.600.000 vildi nefndin færa þá tölu á blaðið og hækka framlag til glímukynninga um þau sömu 300.000. Nefndin lagði til að ævifélagagjöld yrðu óbreytt 10.000 krónur.

Kjartan Lárusson vildi bjóða betur en Stefán og lagði fram tillögu um að gjöld til glímukynninga yrðu aukin um 500.000 og sú upphæð skráð sem gjöld umfram tekjur. Það væri mikilvægara að auka kynninguna en safna í sjóði. Tillagan var samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum. Fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

Gjald ævifélaga samþykkt samhljóða.

11. Kosningar

Sigmundur Stefánsson þingforseti, las upp tillögur að næstu stjórn og nefndarmönnum. Mótframboð komu ekki fram og voru allir sjálfkjörnir og fagnað með lófaklappi.

- a) Formaður GLÍ: Ólafur Oddur Sigurðsson
- b) Aðrir stjórnarmenn: Ingibergur Jón Sigurðsson, Sindri Freyr Jónsson, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Helgi Bjarnason.
- c) Varastjórn: Atli Már Sigmarsson, Snær Seljan Þóroddsson og Jón Smári Eyþórsson.
- d) Skoðunarmenn: Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson.
Varamenn: Garðar Erlendsson og Sýlvía Sigurðardóttir.
- e) Aganefnd: Jóhannes Sveinbjörnsson, Sigmundur Stefánsson og Kristján Yngvason.
Varamenn: Þóroddur Helgason, Jón Birgir Valsson og Árni Unnsteinsson.
- f) Fulltrúar á íþróttáþing Vísað til stjórnar.

12. Önnur mál

Ólafur Oddur Sigurðsson, nýkjörinn formaður Glímusambandsins, þakkaði traustið sem honum var sýnt með endurkjöri. Þakkaði einnig fráfarandi stjórn sem hefði starfað vel á undanfögnu tímabili. Hann kvaðst ánægður með þá áherslu sem þingið lagði á meiri glímukynningar og kvaðst vera með hugmyndir um breytt fyrirkomulag. „Þegar við byggjum hús þá byrjum við á grunninum,“ sagði Ólafur. Hann vildi láta félögin sjá um kynningar hvert á sínu svæði og afhenda þeim fjármagn til þeirra hluta. Þá myndu krakkarnir á kynningunum sjá þjálfarann sem þeim byðist að æfa hjá og þá yrði meiri tenging þar á milli.

13. Þingslit

Ólafur Oddur Sigurðsson þakkaði starfsmönnum þingsins þeirra störf. Hann þakkaði glímufólki, keppendum, starfsfólki og dómurum gott samstarf á liðnu ári og vænti áframhaldandi góðra verka. Hann óskaði öllum fundarmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu og sagði 50. glímuþingi slitið kl. 19.30.

Jón M. Ívarsson
þingritari